

Skýrsla Æskulýðsnefndar Sörla

Vetrarstarf 2013 - 2014



Æskulýðsnefnd

Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, formaður

Halldóra Einarsdóttir, gjaldkeri

Lovísa Árnadóttir, ritari

Sigríður Theodóra Eiríksdóttir, meðstjórnandi

Ása Magnúsdóttir, meðstjórnandi

Sigurður Freyr Árnason, meðstjórnandi

Vetrardagskráin var með fjölbreyttu sniði hjá okkur í Hmf. Sörla. Helstu atriði eru tilgreind hér í þessari skýrslu.

Jólaball Sörla 2013

Þann 28. desember mættu þrúðbúnir Sörlafélagar, afar og ömmur, pabbar og mömmur með börn og barnabörn og gesti á jólaball Sörla.

Þetta var í alla staði frábær skemmtun þar sem ballstjórnandinn og jólasveinninn Skyrgámur fóru á kostum og skemmtu bæði börnum og fullorðnum. Að balli loknu gáfu jólasveinarnir krökkunum nammipoka frá Góu.

Æskulýðsnefndin þakkar góða mætingu Sörlafélaga.

Einnig þakkar nefndin styrktaraðilunum:

- * Góa, gaf vel af jólanammipokum
- * Skógræktarfélag Hafnarfjarðar, gaf jólatré
- * Stjörnusnakk, gaf veglegan afslátt af snakki
- * Ölgarðin, gaf malt og appelsín

Bingókvöld

Æskulýðsnefndin hélt hið sívinsæla Bingókvöld 13. febrúar 2014 og mættu um 35 börn, unglingar, foreldrar og/eða afar og ömmur Sörlakrakka til leiks. Mörg fyrirtæki gáfu vinninga þetta árið og eru þeim öllum færðar bestu þakkir.

Pízza og kók var einnig í boði og fóru því flestir, ef ekki allir, saddir og sælir heim þegar búið var dreifa öllum vinningum.

Fjölskyldureiðtúrar

Æskulýðsnefndin ákvað að bjóða upp á fjölskyldureiðtúra sl. vetur. Áætlað var að hafa 4 reiðtúra en þeir urðu, þegar upp var staðið, 2 talsins. Veður og aðrar annir urðu til þess að 2 túrar voru felldir niður. Fyrri reiðtúrin var góður hringur um svæðið en í seinni túrnum var farinn Hvaleyrarvatnshringur þar sem stoppað var við útigriplið við Hvaleyrarvatn og gott aðstoðarfólk grillaði pylsur ofan í hressa knapa og aðra gesti sem völdu að koma akandi eða gangandi. Vel var mætt, veðið var gott og myndaðist mjög góð stemning.

Trec mót

Æskulýðsnefnd Sörla hélt Trec-mót í annað skipti þann 1. mars. Ekki voru margar skráningar í hvern flokk þannig að einungis var einn flokkur með samtals tólf þátttakendum, og voru þeir á öllum aldri, allt frá börnum upp í fullorðna. Mótið þótti takast frábærlega vel og allir skemmtu sér vel, allir fengu páskaegg í þátttökuverðlaun.

Sigurður Ævarsson dæmdi mótið og æskulýðsnefndarfulltrúar settu upp brautina. Einnig má geta þess að brautin var höfð uppvið um helgina og margir lögðu leið sína til að koma og prufa, fannst krökkunum mest spennandi að reyna komast undir rærnar á fullri ferð án þess að snerta.

Æskulýðsmót

Æskulýðsnefnd hélt æfingamót mánudaginn 28. apríl 2014 og hófst það kl. 17.30.

Mótið var haldið í framhaldi af keppnisnámskeiði sem Sylvía Sigurbjörnsdóttir var búin að vera með yfir veturinn. Var námskeiðið hugsað sem undirbúningur fyrir þá sem ætluðu að taka þátt í úrtökunni fyrir landsmót.

Börn, unglingar og ungmenni kepptu í 4-gangi. Ekki voru riðin úrslit, en dómarar dæmdu og skrifuðu umsögn um hvern keppanda sem þeir fengu að keppni lokinni.

Sörlafélagar gáfu vinnu sína, þ.m.t. dómarar, þulir, ritarar, hliðverðir og grillarar.

Við fengum Óskar Nikúlásson til að taka mótið upp fyrir okkur og fengu krakkarnir síðan upptöku af sér til eignar sem þau gátu nýtt sér til að bæta sig!

Eftir mótið voru pylsur grillaðar í hellirigningu, en verulega blautt var allann tímann sem mótið fór fram.

Mótið þótti takast vel og frábært hvað margir komu og lögðu hönd á plóginn fyrir yngri kynslóðina. Æskulýðsnefndin vill þakka öllum sem komu að mótinu kærlega fyrir veitta aðstoð.

Æskan og hesturinn

Sunnudaginn 6.apríl 2014 fór sýningin Æskan og hesturinn fram í reiðhöllinni í Víðidal. Sörlakrakkar tóku þátt í 3 atriðum í sýningunni. Eldri hópurinn sýndi Grease atriði sem Hafdís Arna Sigurðardóttir samdi og þjálfaði hún einnig hópinn fyrir sýningarnar. Glæsilegir Grease jakkar voru pantaðir á stelpurnar sem voru 6 talsins og voru þær sannarlega flottir fulltrúar Sörla.

Yngri hópurinn fór í samstarf við Hestamannafélagið Hörð í Mosfellsbæ. Jónína Valgerður Örvar samdi atriðið og þjálfaði þær 4 stúlkur sem tóku þátt fyrir hönd Sörla. Hópar Sörla og Harðar æfðu svo saman á generalprufu í Víðidal og gekk þetta ljómandi vel. Skemmtileg samvinna þar á ferð og glæsilegt atriði.

Einnig tóku 2 sörlasystur þátt í atriði ásamt 2 systurum úr Spretti sem mæður systranna sömdu og þjálfuðu fyrir sýningarnar, þær Anna Björk Ólafsdóttir og Erla Guðný Gylfadóttir. Glæsilegt atriði og aftur skemmtileg samvinna hestamannafélaga, krakka og foreldra.

Öllum sem tóku þátt í sýningunum, knöpum, hestum, þjálfurum sem og undirbúnings- og aðstoðarfólki öllu (aðallega foreldrum ☺) eru færðar bestu þakkir fyrir.

Knapamerkjanámskeið

Hjá Sörla voru haldin knapamerkjanámskeið 1, 2 og 3 en það var ekki eftirspurn eftir öðrum stigum knapamerkja í ár. Kennarar voru Vigdís Matthíasdóttir og Friðdóra Friðriksdóttir.

Keppnisnámskeið

Mikil ásókn var í ár í keppnisnámskeiðin hjá Sörlakrökkum. Sylvía Sigurbjörnsdóttir kenndi námskeiðin en bæði var boðið upp á byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið í nokkrum hópum. Námskeiðunum lauk svo með glæsilegu æfingamóti í lok apríl og ljóst að krakkarnir höfðu lært heilmikið.

Riddara- Trec námskeið

Í vetur var ákveðið að setja saman einskonar Riddara/Trec námskeið en fella þurfti þau námskeið niður í fyrra vegna ónógrar þátttöku. Í ár tókst að halda námskeið sem Karen Woodrow kenndi með góðum árangri.

Barna- og pollanámskeið

Mikill áhugi var á barna- og pollanámskeiðum sl. vetur og þurfti að bæta við námskeiðum. Karen Woodrow kenndi námskeiðin.

Uppskeruhátíð æskunnar

Uppskeruhátíð æskunnar vegna vetrarins verður haldin 7. október nk. en þá fá þeir verðlaun sem náðu bestu einkunum í knapamerkjum síðasta vetur. Einnig fá þeir sem sýndu mestu framfarir viðurkenningar. Allir þátttakendur fá svo merki um það að hafa klárað sín námskeið. Þegar þessum formlegheitum verður lokið fer hópurinn saman í lasertag.

Styrkir til æskulýðs Sörla

Æskulýðsnefndin ákvað síðasta vetur að niðurgreiða ákveðin námskeið um 5.000 kr. Þau námskeið sem voru niðurgreidd voru þau námskeið sem teljast styrkhæf hjá Hafnarfjarðarbæ fyrir íþróttastyrk. Þessi námskeið eru þau sem ná ákveðinni tímalengd sem er skilyrði fyrir niðurgreiðslu, þau eru einnig dýrustu námskeiðin s.s. knapamerki og keppnisnámskeið og vildi nefndin með þessu gera fleirum kleift að sækja þessi námskeið með niðurgreiðslunni.

Lokaorð

Æskulýðsnefnd Sörla vildi gjarnan að þátttaka barna, unglinga og ungmenna í viðburðum væri enn meiri en raun ber vitni. Það eru mörg börn, unglingar og ungmenni sem stunda hestamennsku en það er allaf sömu einstaklingarnir sem mæta á viðburði á vegum Æskulýðsnefndar. Þá eru það sérstaklega stúlkur sem mæta. Stúlkurnar eru fleiri og viljugri til að taka þátt. Hvort það er sérstakt áhyggjuefni skal ekki slegið föstu hér.

Í upphafi starfsins var haldinn hugarflugsfundur með krökkunum þar sem þau fengu að koma sínum hugmyndum á framfæri. Flest þeirra nefndu lasertag og verður það gert í þessum mánuði. Skráning hefur verið góð og mun sá viðburður vonandi hrista hópinn saman og búa til góða stemningu fyrir komandi vetri.